

57

13. maí

Samþykkt

um meðferð hænsna í kaupúninu Vík í Mýrdal í Vestur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Á tímabilinu frá 1. maí til 10. september mega hænsni ekki ganga óhindruð eða gæslulaus í Víkur-kaupúni, svo að þau geti farið í matjurtagarða, tún eða afgirtar lóðir, sem ræktaðar eru sem tún eða gróðrarstöðvar, og skulu því eigendur þeirra og aðrir þeir, er hænsn hafa, skyldir til að hafa þau í vel heldum girðingum, eða annari öruggri vörslu þenna tíma árs.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum fyrstu greinar varða sektum, frá 2—25 krónum, er renna í sveitarsjóð Hvammshrepps. Auk þess greiði sá, er brotlegur hefir orðið, skaðabætur fyrir skemdir, er hænsn hafa valdið, eftir mati tveggja óvilhallra manna, er lögreglustjóri útnefnir.

3. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 14. maí 1919.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt samkvæmt lögum nr. 18, 20. október 1905, staðfestist hjermeð.

Í dómsmáladeild stjórnarráðsins, 13. maí 1919

Sigurður Jónsson.

Björn Þórðarson
settur.